hann fèkk við lögin frá 19. janúarmán. þ. á. um launaviðbót handa ýmsum embættismönnum á Íslandi, en þar á móti sèu burtfallnir við lög þessi þeir 50 rd. á ári, er að undanförnu hafa veittir verið öðrum dómaranum í yfirrèttinum úr dómsmálasjóðnum, sem launaviðbót í eiginlegum skilningi. 1863. 9. júním.

---

43. Brèf dómsmálastjórnarinnar til amtmannsins yfir norður- og austurumdæminu, um styrk handa ekkju Briems kammerráðs, fyrrum sýslumanns í Eyjafjarðar sýslu. 16. júním.

Dómsmálastjórnin hefir veitt Valgerði á Grund, ekkju Briems kammerráðs, fyrrum sýslumanns í Eyjafjarðar sýslu, 20 ríkisdala styrk, og hefir landfógetanum í dag verið boðið að greiða fè þetta úr jarðabókarsjóði Íslands.

Þetta er yður hèrmeð kunngjört yður til leiðbeiningar, og til þess þèr auglýsið það hlutaðeigandi.

---

44. Brèf kirkju- og kennslustjórnarinnar til biskupsins yfir Íslandi, um skýrslur um blinda. 18. júním.

Athygli stjórnarráðsins hefir leiðzt að því, að hingað ekki er send nein skýrsla um blinda á Íslandi, og að þaðan ekki hefir komið nein ósk um, að blindum mönnum væri veitt viðtaka á stofnun þá, sem hèr er fyrir blinda, síðan sú stofnun komst á fót.

Til þess nú að stuðla til þess, að stofnun þessi einnig geti komið blindum mönnum á Íslandi að notum, sendir stjórnarráðið yður með brèfi þessu nokkur exemplör af lögum d. 21. janúarmán. 1857 um að stofna skóla handa blindum[1], til þess þèr sendið

[1]) Til skýringar um stofnun þessa skulu hèr til færðar tvær greinir úr lagaboðinu:

1. grein. Fyrir konungsríkið Danmörku skal stofna skóla handa blindum; á hann að geta veitt viðtöku að minnsta kosti 60, og á það að vera tilgangur hans að afla hinum blindu þess andlegs þroska og þeirrar kunnáttu, að vöntun sjónarinnar verði þeim svo lèttbær, sem